

Fyrirspurn á dagskrá bæjarráðs

Til : Ágúst Bjarni Garðarsson; Sigríður Kristinsdóttir
Frá : Jón Ingi Hákonarson
Heiti : Fyrirspurn á dagskrá bæjarráðs
Málsnúmer : 2007447
Málsaðili : 220 Fjörður ehf.
Skráð dags : 01.12.2020 11:05:45
Höfundur : Jón Ingi Hákonarson

Fulltrúi Viðreisnar óskar eftir svari við eftirfarandi fyrirspurnum vegna máls máli 200747 Verslunarmiðstöðin Fjörður ósk um samstarf?

1. Samkvæmt 9 gr. Innkaupareglna Hafnarfjarðar þá er meginreglan að viðhafa útboð þegar kaup á þjónustu fer yfir 15 milljónir króna. Það er ljóst að þessi samningur fer langt fram úr þeirri upphæð. Hvaða rök voru færð fyrir því að víkja frá meginreglu um útboð?
2. Hefði ekki verið rétt af bænum að auglýsa eftir húsnæði fyrir bókasafn til þess að gæta jafnræðis og gefa öðrum aðilum kost á að bjóða fram húsnæði til þessara nota?
3. Var farið eftir lögum um opinber innkaup í þessu máli?
4. Var farið eftir tilmælum Samkeppnisefirlitsins 4/2009?
5. Er vinna farin í gang við að endurskoða innkaupareglur bæjarins eftir gildistöku nýrra laga um opinber innkaup nr. 120/2016?